# Cetol HLS plus

## Hálfþekjandi viðarolía

### Efnislýsing

Cetol HLS plus er hálfþekjandi og lágfyllandi terpentínuþynnanleg alkýðolía, ætluð til notkunar á við innan- og utanhúss. Efnið er þunnfljótandi með innbyggðri UV sólarvörn. Viðarvígindin haldast sýnileg og einkennandi fyrir viðartegundina. Cetol HLS plus myndar örfína gegndræpa filmu sem virkar þannig að yfirborðið dregur ekki í sig viðbótarraka utan frá á meðan raki kemst í gegn innan frá  (e. microporous). Þetta þýðir framúrskarandi viðarvörn sem hindrar myglu- og þörungavöxt, flögnun og sprungumyndun. Cetol HLS plus er afar auðveld í notkun og einfalt að viðhalda viðnum með henni.

Cetol HLS plus viðarolían má nota eina og sér við nýmálun á tréverk, bæði á mjúkan við (s.s. greni og fura) og harðvið (s.s. tekk, sedrus, maghoní). Hún er hentug á garðhúsgögn. Fyrir bestu mögulega endingu skal nota Cetol HLS plus viðarolíuna undir Cetol Filter 7.




### Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurrt (mest 16% raki í viði). Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast þannig að búa til færsluskil, þ.e. aukalitstyrk á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Þegar þeim litstyrk er náð sem óskað er eftir skal nota ljósari lit næst (jafnvel glæran) við endurmálun til að viðhalda upprunalegum litstyrk.

<u>Nýmálun viðar, þriggja umferða kerfi:</u>

1. Hrærið vel í dósinni.
2. Berið 2-3 umferðir af Cetol HLS plus á viðinn. Bestur árangur næst þegar skammur tími er látinn líða milli umferða. Þessi tími ætti ekki að fara yfir 1 mánuð.
3. Umferð 3 má annað hvort vera Cetol HLS plus eða Cetol Filter 7 (gefur meiri filmu og lengir endingartímann).

<u>Endurmálun viðar:</u>

1. Þrífið með Nordsjö Målartvätt og mattið yfir með fínum sandpappír.
2. Hrærið vel í dósinni.
3. Berið 1-2 umferðir af Cetol HLS plus á vel þurran flötinn.
4. Umferð 2 má annað hvort vera Cetol HLS plus eða Cetol Filter 7 (gefur meiri filmu og lengir endingartímann).

### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fötunni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innan- og utanhúss
**Tegund:** Alkýðolía
**Gljástig:** Matt
**Hiti við málun:** 5-30°C
**Þekja:** Þurrfilmuþykkt 10 micron er 12-14 á mjúkvið en 14-18 m$^2$/l á harðvið. Þekja fer ætíð eftir viðartegund, ástandi yfirborðsins, aðferð og aðstæðum við málun.
**Ráðlögð þykkt:** Þurrt: Um 10 míkrón hver umferð. Blautt: Um 36 míkrón. Cetol HLS plus kerfi á að hafa minnst 20 míkrona þurrfilmu-þykkt. Fyrsta lagið smýgur vel inn í viðinn og tryggir viðloðun en hefur lítil áhrif á heildarþykkt þurrfilmunnar
**Þurrktími við 23°C/50% RH:** Rykfrítt: Um 4 klst. Yfirmálun: Um 18-24 klst
**Þurrefni:** Um 30% af vigt
**Þéttleiki:** 0,91 kg/dm$^3$
**Hreinsun:** Hreinsuð terpentína
**Verkfæri:** Penslar
**Litir:** Glært og allir viðarlitir
**Umbúðir:** 1, 2,5 og 5 lítra dósir
**Geymsluþol:** Minnst 24 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum ílátum
**Geymsla:** Í þurru rými við 5-30°C
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** (fl. A/e) mest 500g/l (2007), mest 400 g/l (2010). Cetol HLS plus inniheldur mest 400 g/l

Síðast endurskoðað 4. mars 2025

SÉREFNI Dalvegi 32b Kópavogi | Sími 517 0404 | serefni.is